

Mál nr. 5

Knattspyrnudeild Hauka, Reykjavík

gegn

Knattspyrnudeild Fram, Reykjavík

Kæra Hauka

Knattspyrnufélagið Haukar knattspyrnudeild leggur fram kæru á hendur Knattspyrnufélagsins Fram vegna notkunnar Fram á ólöglegum leikmanni Úlfari Frey Jóhannssyni kt:090682-3189, í leiknum Fram - Haukar, laugardaginn 17. ágúst 1996 í 8 liða úrslitum Íslandsmótsins í 4. flokki karla sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði.

Úlfar Freyr er skráður leikmaður með HK í leik Stjarnan - HK 10. júní '96 sjá leikskýrslu. Hann er leikmaður með Fram í leik Fram - Hauka 17. ágúst sjá leikskýrslu og hann hefur ekki fengið félagaskipti samkvæmt reglugerð KSÍ sjá fax frá skrifstofu KSÍ dags. 21.08. 1996 kl.10.01. Þar með teljum við Úlfar ólöglegan leikmann með Fram. Þess er krafist að leikurinn verði dæmdur Fram tapaður 0-3 samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 4.4. liður 1 og samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 1.2 liður 1.

Virðingarfyllst
f.h. knattspyrnudeildar Hauka

Hafsteinn Ellertsson

Úrskurður knattspyrnudómstóls Reykjaness:

Álit dómsins:

Óumdeild er í málinu að Úlfar Freyr Jóhannsson lék með varnaraðila í umræddum leik eins og leikskýrsla ber með sér. Jafnframt er óumdeilt í málinu að Úlfar Freyr lék með HK í fyrsta skipti í Íslandsmóttinu á almanaksárinu. Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna var ekki framfylgt. Úlfar Freyr var því óhlutgengur með varnaaðila. Lið varnaraðila mætti ólöglega skipað til leiks.

Með vísan til 4.4.1. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og samkvæmt framansögðu telst lið varnaraðila hafa tapað umræddum leik með markatölunni 0-3. Samkvæmt ákvæði í 4.5.3. gr. skal dæma varnaraðila þegar svona stendur á til greiðslu sektar sem renni til KSÍ með vísan til þessa og eins og mál þetta er vaxið greiði varnaraðili sekt að fjárhæð kr. 7.500,- til KSÍ.

Dómsorð:

Leikur knattspyrnufélagsins Hauka, knattspyrnudeild og Knattspyrnufélagsins Fram, knattspyrnudeild í 4. deild karla í 8 liða úrslitum Íslandsmótsins í knattspyrnu, sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði, kl. 11:00, 17. ágúst 1996, dæmdist tapaður. Knattspyrnufélaginu Fram, knattspyrnudeild, með markatölunni 0-3. Knattspyrnufélagið Fram, knattspyrnudeild, greiði kr. 7.500 í sekt sem renni til KSÍ.

Fleira ekki gert og dómþingi slitið.

Halldór Frímansson (sign.)

Ásbjörn Jónsson (sign.)

Gunnar Vilbergsson (sign.)